

1. OKTÓBER 2006



AFLAHEFTI

Fiskistofu

FISKVEIÐIÁRIÐ 1. SEPTEMBER 2005 – 31. ÁGÚST 2006

Aflaheimildir

Í töflunni til hægri sést úthlutað aflamark (og krókaafamark) fiskveiðiársins 2005/06, sérstakar úthlutanir og aflamark sem flutt var frá síðasta fiskveiðiári. Aflamark til ráðstöfunar sem leiðir af þessum þremur stærðum sést svo í 4. töludálki. Til samanburðar kemur svo fram í töflunni afli fiskveiðiársins í þessum tegundum. Næstu dálkar töflunnar sýna hvernig útgerðarmenn hafa nýtt innbyggðan sveigjanleika í aflamarkskerfinu til að laga aflann að aflaheimildum fiskveiðiársins.

Í aðalatriðum var afli fiskveiðiársins 2005/06 í takt við aflamark. Afli íslenska þorsksins var 201,8 þúsund tonn en aflamark 200,2 þúsund tonn. 4,4 þúsund tonna aflaheimildir í þorski eru fluttar til fiskveiðiársins 2006/07. Dálkurinn „Tilfærsla“ sýnir notkun heimilda til að skipta aflamarki í einni botnfisktegund í aflamark í annarri botnfisktegund. Skiptigildið ræðst af þorskígildisstuðlum tegundanna. Vegna markaðsverðmætis aflamarks í þorski þá er þorskur sjaldan nýttur í tilfærslu í aðrar tegundir og aflamarki annarra botnfisktegunda má ekki breyta í þorsk. Af þessu leiðir að tegundatilfærsla í þorski er oftast lítil. Undanþágur frá aflamarkskerfinu eru því helsta ástæða þess að hægt er að flytja aflamark í þorski til næsta fiskveiðiárs. Vegna undanþáganna reiknaðist 6,1 þúsund tonna þorskafli á fiskveiðiárinu 2005/06 ekki til aflamarks. Þar vega þyngst 3,0 þúsund tonna línuvínun, 2,0 þúsund tonn af undirmálsþorski og 1,5 þúsund tonn sem eynamerkt voru Verkefnasjóði sjávarútvegsins en 0,6 þúsund tonn vegna útflutningsálags vógu upp á móti þorskafli sem ekki reiknaðist til aflamarks. Nánar er fjallað um þróun þess afla sem ekki reiknast til aflamarks á bls. 6 í Aflaheftinu.



Aflaheimildir fiskveiðiárið 2005/06

Afli upp úr sjó – Þús. tonn

	Aflamarks- og krókaafamarksskip					Aflamark		Afli
	Úthlutað aflamark	Sérstakar úthlutanir	Frá fyrra ári	Aflamark alls	Afli	Til næsta árs	Tilfærsla	Utan aflamarks
Þorskur	186,1	9,8	4,4	200,2	201,8	4,4	-0,1	-6,1
Ýsa	100,3	3,2	4,1	107,7	100,4	9,9	1,1	-1,6
Ufsi	77,7	2,3	2,9	82,9	78,2	5,9	2,1	-0,3
Karfi	57,0	0,0	4,5	61,5	56,5	6,0	1,3	0,0
Langa	5,0	0,0	0,3	5,3	5,9	0,3	0,9	0,0
Keila	3,5	0,0	0,3	3,8	4,7	0,1	1,0	0,0
Steinbitur	11,7	0,6	1,0	13,4	16,5	0,7	3,2	-0,6
Skötuselur	3,0	0,0	0,1	3,1	2,9	0,3	0,1	0,0
Grálúða	15,0	0,0	2,5	17,5	12,7	2,4	-2,4	0,0
Skarkoli	5,0	0,1	0,3	5,3	5,7	0,3	0,7	0,0
Þykkvalúra	1,8	0,0	0,0	1,8	2,6	0,1	0,8	0,0
Langlúra	2,4	0,0	0,0	2,4	2,2	0,1	-0,1	0,0
Sandkoli	4,0	0,0	0,7	4,7	1,2	0,6	-2,5	0,0
Skráplúra	3,5	0,0	0,6	4,1	0,6	0,5	-2,7	-0,1
Síld	110,0	0,0	0,9	110,9	103,0	7,8	0,0	-0,1
Humar	1,8	0,0	0,0	1,8	1,9	0,0	0,0	0,0
Úthafsækja	10,0	0,0	2,8	12,8	1,0	1,9	0,0	0,0
Innfjarðarækja	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0

ekki fram í töflunni. Aflamark í tegundum sem veiðum er stjórnað í samvinnu við önnur ríki er heldur ekki sett fram í töflunni þar sem veiðitímabil þeirra er annað en fiskveiðiárið. Það eru kolmunni, úthafskarfi, Norðuríshafsporskur, norsk-íslensk síld og rækja af Flæmingjagrunni en þessar tegundir eru bundnar aflamarki.

Í dálkinum „sérstakar úthlutanir“ eru bætur vegna skerðingar afla í hörpudiski og innfjarðarækju, aflamark vegna rannsóknna, aflamark til stuðnings byggðarlögum, aflamark til krókaafamarksbáta o.fl.

Tegundatilfærslur fiskveiðiársins 2005/06 voru mestar í ufsa, grálúðu og í kolategundum. Lítil afli úthafsækju varð hinsvegar til þess að talsvert magn veiðheimilda í þeirri tegund féll niður ónýtt í lok veiðitímabíla eða 9,9 þúsund tonna aflamark.

Veiðitímabil loðnu markast ekki af fiskveiðiári. Þess vegna kemur aflamark í loðnu

Afli eftir skipaflokkum

Taflan til hægri sýnir afla íslenskra skipa af öllum veiðisvæðum eftir skipaflokkum fiskveiðiárið 2005/06.

Flokkun í togara, báta og smábáta byggir á stærð og gerð skipanna og helstu veiði-aðferð. Í töflunni eru talin til togara stór fjölveiðiskip, sem beitt er jöfnum höndum til veiða með rækjuvörpu og til veiða uppsjávarfiska með nót og flotvörpu. Skipting í báta og smábáta á aflamarki miðast við lengd bátanna. Bátar lengri en 15 m eru taldir „bátar“ en bátar styttri en 15 m teljast „smábátar“.

Heildaraflinn á fiskveiðiárinu 2005/06 var 1.290,8 þúsund tonn. Að venju voru það „bátar“ sem báru mestan hlut á land eða 720,6 þúsund tonn. Togarar voru með 481,5 þúsund tonna afla og krókaaflamarksbátar með 75,4 þúsund tonn. Uppsjávartegundir vega þyngst í afla „báta“. Afli krókaaflamarksbáta samanstendur að mestu leyti af þorski og ýsu og afli togara er að stærstum hluta þorskur, karfi, ufsi og ýsa.

Sóknardagakefið hefur verið lagt af og aðeins einn bátur sem nýtti tímabundna heimild til veiða undir sóknarmarki, var að veiðum á nýliðnu fiskveiðiári. Þannig var afli sóknardagabáta á fiskveiðiárinu aðeins 0,1 þúsund tonn en aflinn var 0,4 þúsund tonn fiskveiðiárið 2004/05. Enginn bátur er eftir í sóknardagakerfinu í upphafi fiskveiðiársins 2006/07.

Kökuritinn hér á síðunni sýna hvernig aflinn skiptist hlutfallslega í botnfisk, uppsjávarfisk og krabbadýr. Af heildaraflanum

Afli fiskveiðiárið 2005/06 eftir skipaflokkum


Afli upp úr sjó – Þús. tonn

	Aflamarksskip				Sóknar-kerfi Sóknar-dagabátar	Samtals
	Bátar	Togarar	Smábátar	Króka-aflamark		
Þorskur	77,4	76,6	8,0	39,7	0,1	201,8
Norðurishafsporskur	0,0	5,0	0,0	0,0	0,0	5,0
Ýsa	40,4	35,4	1,8	22,7	0,0	100,4
Ufsi	10,0	64,3	0,5	3,4	0,0	78,2
Karfi	7,4	48,6	0,0	0,4	0,0	56,5
Úthafskarfi	0,0	22,5	0,0	0,0	0,0	22,5
Steinbítur	6,9	2,9	0,3	6,4	0,0	16,5
Grálúða	1,4	11,2	0,0	0,0	0,0	12,7
Skarkoli	4,7	0,6	0,2	0,1	0,0	5,7
Annar flatfiskur	6,7	0,7	0,0	0,1	0,0	7,6
Annar botnfiskur	15,6	10,0	1,2	2,6	0,0	29,4
Samtals botnfiskur	170,6	277,9	12,2	75,4	0,1	536,2
Síld	66,5	36,5	0,0	0,0	0,0	103,0
Norsk - íslensk síld	96,0	33,4	0,0	0,0	0,0	129,4
Loðna	148,3	45,2	0,0	0,0	0,0	193,5
Kolmunni	235,3	84,4	0,0	0,0	0,0	319,7
Samtals uppsjávarfiskur	546,2	199,5	0,0	0,0	0,0	745,7
Humar	1,8	0,1	0,0	0,0	0,0	1,9
Rækja	0,9	0,1	0,0	0,0	0,0	1,0
Rækja af Flæmingjagrunni	0,0	3,8	0,0	0,0	0,0	3,8
Hörpudiskur	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Annar afli	1,0	0,0	1,1	0,0	0,0	2,1
Krabbadýr	3,8	4,1	1,1	0,0	0,0	8,9
Heildarafli	720,6	481,5	13,2	75,4	0,1	1.290,8

voru 57,8% uppsjávarfiskur, 41,5% voru botnfisktegundir og krabbadýr voru 0,7% heildaraflans. Einnig má sjá hvernig

skiptingin er eftir bátum, togurum og smábátum. Afli krókaaflamarksbáta og sóknardagabáta samanstóð eingöngu af botnfisktegundum.

Hlutfall afla hvers skipaflokks upp úr sjó (■ Botnfiskur ■ Uppsjávarfiskur ■ Krabbadýr)



Fimm fiskveiðiár

Afli í helstu fisktegundum

Í töflu á síðunni kemur fram afli íslenskra skipa í helstu tegundum fiskveiðiarín 2001/02–2005/06.

Nýliðið fiskveiðiár var fimmtánda heila fiskveiðiárið frá því farið var að miða stjórn fiskveiða við tímabilið frá 1. september til 31. ágúst á öndverðum tíunda áratug síðustu aldar. Meðalafli undanfarinna 14 fiskveiðiará var 1.830 þúsund tonn. Afli hefur aldrei verið minni en á síðastliðnu fiskveiðiári eða 1.291 þúsund tonn. Íslensk skip færðu á land 1.769 þúsund tonn á fiskveiðiarínu 2004/05 en afli fiskveiðiaríns 2003/04 var 1.775 þúsund tonn.


Botnfiskafli hefur aukist verulega síðustu fiskveiðiári. Veldur þar mestu vaxandi ýsu- og ufsaafli. Afli ýsu hefur meira en tvöfaldast síðustu fimm fiskveiðiári eða úr 41,7 þúsund tonnum fiskveiðiárið 2001/02 í 100,4 þúsund tonn fiskveiðiárið 2005/06. Þá hefur ufsaafli aukist um ríflega helming á sama tímabili, eða úr 36,4 þúsund tonnum í 78,2 þúsund tonn.

Rækjuafli hefur minnkað verulega síðustu ár. Mestur var rækjuafli 95,1 þúsund

tonn fiskveiðiárið 1995/96 og aflaverðmæti rækjunnar var þá fimmtungur af heildar aflaverðmæti íslenskra skipa. Fiskveiðiárið 2004/05 var rækjuafli aðeins 1,0 þúsund tonn af heimamiðum og 3,8 þúsund tonn af Flæmingjagrunni. Snemma sumars lauk rækjuveiðum Íslendinga á Flæmingjagrunni þegar síðasta íslenska skipið sem stundaði veiðar þar var selt úr landi. Hörpudiskveiði hefur legið niðri þrjú síðustu fiskveiðiári.

Afli einstakra uppsjárvartegunda hefur sveiflast en samanlagður afli þeirra hefur farið minnkandi. Þar munar mest um hratt minnkandi loðnafla sem hefur farið úr 1051,3 þúsund tonnum á fiskveiðiarínu 2001/02 niður í aðeins 193,5 þúsund tonn á fiskveiðiarínu 2005/06.

Loðnaafli íslenskra skipa fiskveiðiarín 2001/02 – 2005/06



Afli íslenskra skipa fiskveiðiarín 2001/02–2005/06

Þús. tonn

Afli upp úr sjó	2001/02	2002/03	2003/04	2004/05	2005/06
Porskur	216,9	196,6	219,4	209,2	201,8
Barentshafsporskur	7,1	7,2	4,8	7,5	5,0
Ýsa	41,7	55,7	78,5	97,4	100,4
Ufsi	36,4	47,6	56,3	71,0	78,2
Karfi	65,9	64,9	49,7	60,9	56,5
Úthafskarfi	50,2	47,5	40,0	17,6	22,5
Steinbitur	13,7	17,0	13,3	14,2	16,5
Grálúða	19,3	20,3	15,8	13,0	12,7
Skarkoli	4,4	5,4	5,9	6,2	5,7
Annar flatfiskur	10,9	11,0	10,8	9,5	7,6
Annar botnfiskur	19,0	18,6	20,1	22,4	29,4
Samtals botnfiskur	485,4	491,7	514,5	528,9	536,2
Síld	101,4	96,1	125,7	114,2	103,0
Norsk - íslensk síld	126,4	123,2	89,0	141,2	129,4
Loðna	1051,3	727,9	517,5	602,2	193,5
Kolmunn	341,8	397,1	492,0	365,0	319,7
Samtals uppsjárvartegundir	1620,9	1344,3	1224,2	1222,7	745,7
Humar	1,6	1,7	1,5	1,9	1,9
Rækja	31,0	26,7	19,3	5,8	1,0
Rækja af Flæmingjagrunni	5,4	5,1	3,9	4,0	3,8
Hörpudiskur	6,6	4,5	0,0	0,0	0,0
Annar afli	11,6	14,4	12,1	5,8	2,1
Heildarafli	2162,5	1888,5	1775,5	1768,6	1290,8



Veiðarfæraskipting

Skipting afla eftir veiðarfærum

Taflan neðst á síðunni sýnir skiptingu afla í tegundum, sem bundnar eru aflamarki, eftir helstu veiðarfærum fiskveiði-árin 2001/02–2005/06. Aflinn er reiknaður til þorskígilda samkvæmt þorskígildisstuðlum hvers fiskveiðiárs.

Þorskígildi tegundar lýsir í megindráttum aflaverðmæti hennar. Upplýsingar í töflu ná til meira en 95% af verðmæti heildarafla þessara fiskveiðiára.

Að því er aflaverðmæti varðar er botnvarpan mikilvægasta veiðarfæri íslenskra skipa og í hana tekin 45,0% aflans fiskveiðiárið 2005/2006 í þorskígildum. Af þeim 14,3% sem fengust í „önnur veiðarfæri“ var flotvarpan með stærstan hluta, eða 11,8% af heildaraflanum umreiknuðum í þorskígildi. Mikill hluti afla uppsjávartegunda og mestallur afli úthafskarfa er veiddur í flotvörpu. Umtalsverður afli var veiddur í önnur togveiðarfæri eins og rækju- og humartroll. Togveiðar vega því afgerandi þyngst í aflaverðmæti íslenskra skipa. Hlutfall afla sem veiddur er á línu hefur aukist verulega síðustu 5 fiskveiðiár, eða úr 12,2% í 22,1%. Um leið hefur afli á handfæri og í net farið minnkandi.

Talsverðar sveiflur hafa verið í hlutdeild veiðarfæra í afla síðustu ár. Sveiflurnar stafa að nokkru af breytingum þorskígildisstuðla milli ára.

Veiðarfæraskipting helstu botnfisktegunda

Í meðfylgjandi kökuritum er sýnd veiðarfæraskipting afla helstu botnfisktegundanna fiskveiðiárið 2005/06. Veiðar nokkurra fisktegunda eru bundnar tilteknum veiðarfærum. Koli er t.d. veiddur í dragnót, grálúða og karfi í troll og steinbítur á línu.

Hlutfall afla einstakra tegunda eftir veiðarfærum virðist ekki hafa breyst verulega undanfarin ár en þó er greinilegt að hlutfall afla þorsks og ýsu á línu hefur aukist. Vafalaust hefur minni afli uppsjávartegunda áhrif á hlutfallslega skiptingu línu og botnvörpu.


Veiðarfæraskipting afla íslenskra skipa fiskveiðiárin 2001/02 - 2005/06

Þorskígildi hvers árs %	2001/02	2002/03	2003/04	2004/05	2005/06
Botnvarpa	42,7%	40,4%	41,5%	43,2%	45,0%
Dragnót	5,2%	5,7%	6,8%	6,7%	6,5%
Handfæri	3,7%	3,1%	2,9%	1,7%	1,4%
Lína	12,2%	12,5%	15,7%	17,6%	22,1%
Net	9,4%	7,8%	8,5%	7,9%	6,1%
Nót	9,0%	6,7%	6,6%	7,9%	4,5%
Annað	17,9%	23,9%	18,0%	18,0%	14,3%
	100%	100%	100%	100%	100%

Eins og fram hefur komið er stór hluti afla íslenskra skipa veiddur í botnvörpu og má ljóst vera að hugmyndir sérfræðinga Sameinuðu þjóðanna um að leggja bann við botnvörpuveiðum skipta íslenskan sjávarútveg mjög miklu máli.

Veiðarfæraskipting helstu botnfisktegunda fiskveiðiárið 2005/06

■ Botnvarpa ■ Net ■ Handfæri
■ Dragnót ■ Lína ■ Önnur veiðarfæri



Afli utan aflamarks


Sóknardagakerfið hefur nú runnið sitt skeið og síðasti báturinn sem nýtti heimild til veiða undir sóknarmarki, hefur verið fluttur yfir í króka-aflamarkskerfið. Því er vert að líta um öxl og skoða hvernig afli aflamarkstegunda sem ekki reiknast til aflamarks (80-90% þorskur og ýsa) hefur þróast síðustu fiskveiðiár.

Eins og sjá má á súluritinu hér á síðunni var afli sóknardagabáta talsverður, 12,7 þúsund tonn 2001/02 en fór minnkandi. Fiskveiðiárið 2004/05 voru aðeins fáir bátar eftir í sóknardagakerfinu. Um leið og sóknardagabátar voru að hverfa fór línúvilun að hafa áhrif á aflamagn utan aflamarks. 1. febrúar 2004 tók gildi línúvilun við veiðar á ýsu og steinbít og við veiðar á þorski frá og með 1. september 2004. Miðað við aukna úthlutun til línúvilunar á fiskveiðiárinu 2006/07 gæti aflamagn vegna línúvilunar farið í 6 þúsund tonn á fiskveiðiárinu 2006/07.

Aðrir liðir sem falla undir afla utan aflamarks sveiflast nokkuð en ekki er um miklar breytingar að ræða. Undirmálsaflí utan aflamarks hefur þó minnkað nokkuð á þessum 5 fiskveiðiárum sem hér eru skoðuð.



Afli utan aflamarks fiskveiðiárin 2001/02–2005/06



Hafróafli: Afli sem ekki er dreginn frá aflamarki skipa enda sé hann seldur á viðurkenndum fiskmarkaði og andvirði hans renni til Hafrannsóknarstofnunar að frádregnum hafnargjöldum, kostnaði við uppboð og 20% hlutar útgerðar og áhafnar. Frá áramótum 2003/2004 rennur andvirði aflans til Verkefnasjóðs sjávarútvegsins.

Annar afli utan aflamarks: Afli utan aflamarks, s.s. sandkola- og skráplúruaafli norðan viðmiðunarlínu, afli rannsóknarskipa og afli utan lögsögu.

Flutningur aflahlutdeilda og aflamarks

Tafla til hægri sýnir flutning aflahlutdeilda milli skipa fiskveiðiárin 2001/02–2005/06. Mun minna virðist hafa verið flutt á milli fiskiskipa en á fiskveiðiarinu 2004/05. Aðeins er hægt að tala um áberandi aukningu frá fyrra fiskveiðiári í flutningi aflahlutdeilda í grálúðu og úthafs-rækju sem aftur á móti er sambærilegur flutningur og var á fiskveiðiarinu 2003/04. Skýra má mikinn flutning aflahlutdeilda í úthafs-rækju með því að mjög lítil veiði hefur verið í úthafs-rækju, aflahlutdeildir eru verðlitar og eru því nýttar til að búa til framsalsheimildir í öðrum fisk-tegundum.

Tafla að neðan sýnir flutning aflamarks milli skipa fiskveiðiárin 2003/04–2005/06 og sundurliðun viðskipt-anna 2005/06. Flutt aflamark sem hlutfall af heildarafla-marki hefur aukist verulega síðustu fiskveiðiár.

Flutningur aflahlutdeilda milli fiskiskipa fiskveiðiárin 2001/02–2005/06

	2001/02	2002/03	2003/04	2004/05	2005/06
Þorskur	23,4%	21,3%	19,9%	19,8%	18,3%
Ýsa	25,4%	23,1%	25,0%	30,7%	27,3%
Úfsi	21,9%	21,0%	17,4%	24,7%	21,6%
Karfi	15,3%	14,1%	18,6%	33,2%	30,5%
Langa	29,5%	23,6%	22,9%	31,9%	17,2%
Keila	34,4%	27,2%	27,4%	54,6%	10,2%
Steinbítur	26,4%	32,4%	25,6%	36,6%	24,6%
Skötuselur	28,9%	48,9%	27,2%	27,4%	14,1%
Grálúða	20,8%	24,7%	17,3%	7,3%	19,5%
Skarkoli	16,9%	21,0%	15,2%	23,1%	12,1%
Þykkvalúra	29,5%	20,4%	18,4%	24,3%	17,0%
Langlúra	15,7%	7,2%	7,0%	6,0%	5,7%
Sandkoli	27,9%	28,5%	16,6%	24,8%	25,2%
Skráplúra	27,8%	9,6%	30,0%	18,0%	9,7%
Síld	22,4%	17,1%	33,5%	18,7%	2,2%
Loðna	15,1%	11,7%	10,9%	16,7%	7,9%
Humar	18,8%	10,9%	27,6%	10,4%	7,4%
Úthafs-rækja	23,8%	30,3%	43,5%	32,1%	44,1%

Hlutfall af heildaraflahlutdeild. Um veltutölur er að ræða.

Flutningur aflamarks fiskveiðiárið 2005/06

	Milli skipa í eigu sama aðila	Milli skipa í eigu óskyldra aðila	Fiskeiðiárið 2005/06. Flutningur samtals	Fiskeiðiárið 2004/05. Flutningur samtals	Fiskeiðiárið 2003/04. Flutningur samtals
Þorskur	34.188	60.123	94.311	91.463	88.182
Ýsa	24.470	45.485	69.955	54.670	39.148
Úfsi	25.207	30.194	55.401	44.147	31.031
Karfi	25.190	25.132	50.322	48.407	34.451
Langa	1.804	1.611	3.415	2.467	1.857
Keila	2.695	1.001	3.696	2.422	2.203
Steinbítur	2.803	10.871	13.674	13.076	12.136
Skötuselur	370	1.832	2.201	1.812	1.559
Grálúða	6.865	5.881	12.746	16.712	21.890
Skarkoli	1.496	3.650	5.147	4.379	4.062
Þykkvalúra	525	1.220	1.744	1.432	1.271
Langlúra	654	682	1.336	1.322	813
Sandkoli	1.432	2.010	3.442	3.617	4.370
Skráplúra	1.525	1.851	3.376	5.142	4.326
Síld	28	17	45	55.335	66.536
Loðna	40	16	56	148.751	139.705
Humar	152	207	358	442	485
Úthafs-rækja	3.730	8.650	12.380	16.724	30.350
Innfjarðarrækja	0	0	0	100	344
Hörpudiskur	0	0	0	0	0

Ofangreindar tölur miðast við lestir. Aflamark miðast við slægðan fisk þar sem við á. Um veltutölur er að ræða.





AFLAHEFTI

Fiskistofu

Hér eru teknar saman bráðabirgðatölur um veiðar og afla Íslendinga á nýliðnu fiskveiðarári og samanburður gerður við fyrri fiskveiðarár. Þessar tölur kunna að breytast þegar endanlegar tölur Hagstofu um afla liggja fyrir síðar. Vakin er sérstök athygli á að aflatölurnar miðast við fiskveiðarár, þ.e. tímabilið 1. september ár hvert til 31. ágúst næsta ár.



FISKISTOFA

Dalshrauni 1 • 220 Hafnarfirði
Sími 569 7900 • Fax 569 7991
www.fiskistofa.is